

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 313/2017, um tilvísanir fyrir börn.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- Í stað orðanna „í allt að tíu ár“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: þar til barn er orðið 18 ára.
- Á eftir 4. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Telji sérfræðingur, sem fengið hefur barni vísað til sín frá heimilis- eða heilsugæslulækni, að það þurfi á annars konar sérfræðipjónustu að halda en getið er í tilvísun getur hann vísað barni til annars sérfræðings.

Þurfi barn, sem leitað hefur á sjúkrahús, á sérhæftri heilbrigðipjónustu að halda getur læknir á sjúkrahúsinu vísað barni til annars sérfræðings.

Hjúkrunarfræðingum sem starfa í ung- og smábarnavernd og skólaheilsugæslu er heimilt að vísa barni til talmeinafræðings.
8. mgr. hljóðar svo: Tilvísanir skulu skráðar í miðlæga sjúkraskrá.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 1. mgr. 29. gr. og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkra-tryggingar, öðlast gildi 1. júní 2024.

Heilbrigðisráðuneytinu, 23. maí 2024.

Willum Þór Þórsson.

Sigurður Kári Arnason.